

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Katrínu Fjeldsted

Lagt fram á 14. fundi Stjórnlagaráðs, 24.6.2011

Mannréttindi

5. Friðhelgi einkalífs

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Upphafsmálsliður orðist svo: Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal virt.	<u>Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal virt.</u> Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi. Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.	Öll skulum við njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi. Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Skýring:

Sams konar orðalag mætti taka inn í fleiri greinar.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

11. Trúfrelsi

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ³	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Fella brott setninguna: Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.	Öll eigum við rétt til trúar og lífsskoðunar. Í því felst rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Öll eigum við rétt til trúar og lífsskoðunar. Í því felst rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. <u>Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.</u> Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Skýring:

Öllum á að vera frjálst hvort þeir eru trúaðir eða ekki. Mér finnst vafasamt að stjórnvöld eigi að vernda félög yfirleitt, hvað þá trúfélög. Að auki má benda á að svokölluð lífsskoðunarfélög innifela ekki þá sem standa utan allra slíkra félaga.

12. Þjóðkirkja

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ⁴	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Ákvæðið falli brott.		

Skýring:

Nú munu um 76% þjóðarinnar tilheyra þjóðkirkjunni. Ef þetta hlutfall heldur áfram að lækka, t.d. niður fyrir 50%, hlýtur öllum að vera ljóst að ákvæðið sé tímaskekkja. Mér finnst að aðskilja eigi enn frekar milli ríkis og kirkju og þess vegna eigi að kveða á um stöðu kirkjunnar og kirkjuskipan í lögum, en ekki í stjórnarskrá. Siðferði væri mun betri grunnur í stjórnarskrá en kristin trú, af því að fleiri trúarbrögð en kristni byggja á siðferði, en einnig byggir ótrúað fólk líf sitt á siðferði sem ekki á að vera skör lægra sett í stjórnarskrá.

³ Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

⁴ Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.